

Gátlisti fyrir náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimati

Útgáfa I

a. Undirbúningur Frá hugmynd að framkvæmd	
Hvað	Ábendingar FA
Að kynna sér forsögu	Hugmyndavinna og mótun verkefnis er í umsjón stýrihóps/verkefnastjóra–sjá gátlista fyrir verkefnastjóra. Gagnlegt er fyrir ráðgjafa að kynna sér þá vinnu þegar hann kemur inn í verkefnið.
Að kynna sér hverjir eru hagsmunaaðilar í verkefninu/sitja í stýrihópi	<p>Hagsmunaaðilar sem tengjast viðkomandi starfsgrein leggja grunninn að þeim verkefnum sem unnin eru. Þessir aðilar setja m.a. inntökuskilyrði, leggja línurnar fyrir viðmið og aðferðir. Aðilar vinnuhóps (verkefnastjóri, ráðgjafar og fagaðilar) þurfa að fara eftir þeim aðferðum, viðmiðum og reglum sem stýrihópur setur.</p> <p>Dæmi um samstarfsaðila:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skóli/skólar /kjarnaskóli • Aðrar fræðslustofnanir/símenntunarmiðstöðvar/fræðslumiðstöðvar iðngreina • Aðilar vinnumarkaðarins • Starfsgreinatengdir aðilar • Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
<p>Ráðgjafi þarf að kynna sér þau inntökuskilyrði og þær kröfur sem settar eru í verkefnum og virða þær. Það eru kröfur frá atvinnulífinu sem mynda grunninn að gildi niðurstaðna í raunfærnimatsverkefnum.</p>	

b. Undirbúningur Áður en haldið er af stað		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið / Dags
Þátttaka í undirbúningsfundum Verkefni stýrihóps, sjá – Gátlisti fyrir stýrihóp FA 2008	Ráðgjafi kemur inn á stýrihópsfundum eftir þörfum ef um nýtt verkefni er að ræða. Stefnumarkandi vinna.	
Þjálfun	Ráðgjafi sækir sér þekkingu á námskeiðinu <i>Þjálfun matsaðila í raunfærnimati á vegum FA.</i>	
Þátttaka í vinnuhópi verkefnis	<p>Tekur virkan þátt í vinnuhópsfundum þar sem verkefnisstjóri, ráðgjafar og fagaðilar koma saman og undirbúa verkefnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Farið yfir viðmið ▪ Skimunarlistar undirbúnir ▪ Kynningarfundur undirbúinn <p>Mikilvægt er að hlutverk hvers og eins séu skýr.</p>	
Afla upplýsinga um markhópinn og færniþróun innan fagsins	Ráðgjafi þarf að afla upplýsinga um þá starfsgrein sem um ræðir. Hvað einkennir starfið, hver er vinnumenningin? Hvar má sækja sér færni innan fagsins?	
Undirbúningur kynningarfundar	Ráðgjafi þarf að þekkja vel til raunfærnimatsferlisins og vera fær um að kynna heildstætt ferli þess sem byggir á verkáætlun vinnuhóps. Hann útbýr verkáætlun fyrir sitt verksvið og viðeigandi gögn (s.s. nafnalista, skráningarblöð fyrir viðtöl, gögn við færnisráningu ofl.). Mikilvægt er að ráðgjafi geti kynnt rétt einstaklingsins í raunfærnimati og sjálfan sig sem talsmann hagsmuna hans.	
<p>Brýnt er að sami ráðgjafinn fylgi einstaklingnum eftir í gegnum allt ferlið og komi að eftirfylgni að því loknu. Þannig má skapa traust sem ýtir undir skuldbindingu einstaklingsins í ferlinu og til áframhaldandi færniþróunar.</p>		

C. Framkvæmd		
Öflun þátttakenda og kynning		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið / Dags
Öflun þátttakenda	Ef raunfærnimatsverkefni eru skipulögð með góðum fyrirvara og snúa að fjölmennum starfsgreinum þá geta ráðgjafar verið mikil hjálp við öflun þátttakenda í gegnum vinnustaðaheimsóknir og einstaklingsviðtöl. Mikilvægt er að yfirmenn þátttakenda geti veitt þeim svigrúm í ferlinu.	
Kynningar á vinnustöðum	Koma að gagni ef vinnustaðir eru þess eðlis að talið er að margir á viðkomandi vinnustað falli undir markhóp verkefnisins.	
Kynningarfundur með væntanlegum þátttakendum Sjá nánar í Leiðarvísi fyrir matsaðila í raunfærnimati, blaðsíðu 9	Markmið kynningarfundar er að gefa áhugasömum tækifæri á að taka upplýsta ákvörðun um hvort þeir sækja um. Reynst hefur vel að ráðgjafar útbúi skráningarblað með tímum í einstaklingsviðtöl (sem eru skimunarviðtöl) sem væntanlegum þátttakendum býðst að skrá sig í eftir kynningarfundinn. Nöfnum, netföngum og símanúmerum einnig safnað saman.	
Fjöldi þátttakenda	Algengustu hópastærðirnar eru 10 til 20 manns. Fjöldi þarf að taka mið af því í hvaða starfsgrein er verið að raunfærnimeta. Þessi fjöldi hentar vel í þá hópráðgjöf sem felst í færniöppugerðinni og sjálfsmatsvinnunni.	
Ef fleiri sækja um en komast að?	Áður en verkefnið er kynnt þá þarf að liggja fyrir hvað ræður vali á þátttakendum, ef fleiri sækja um en komast að (ákvörðun stýrihóps). Brýnt er að þeim sem ekki komast að sé boðið upp á náms- og starfsráðgjöf til að skilgreina aðrar leiðir til færiuppbyggingar.	
<p>Upplýsingagjöf til einstaklinga á að miða að því að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku. Þátttaka í raunfærnimati skal ávallt vera valkvæð. Gæta verður þess að slá ekki af kröfum um starfsreynslu og aldur ef fáir sækja um nema með samþykki stýrihóps.</p>		

d. Framkvæmd		
Raunfærnimat		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið / Dags
Skimunarviðtöl; einstaklingsviðtöl hjá ráðgjafa	Það hefur reynst vel að ráðgjafar sjái um boðun í skimunarviðtölin. Þar er verkefnið kynnt nánar og farið yfir reynslu og færni einstaklingsins. Stuðst er við skimunarlista sem byggja á viðmiðum í matinu (unnið af fagaðila). Færnimappan er kynnt til sögunnar og væntanlegir þátttakendur hvattir til að hefja vinnu við að safna gögnum í hana. Æskilegt er að nota skýr eyðublöð til að skrá niðurstöður (til hjá FA). Niðurstöðum er skilað til verkefnisstjóra og er æskilegt að ráðgjafi miðli þeim einnig til verkefnastjóra og yfirmatsaðila t.d. á vinnuhópsfundi.	
Færnimöppugerð og sjálfsmat	Opið mat: Ráðgjafar hitta hópinn í tvö skipti, 2 klukkustundir í senn (t.d. mánudag og fimmtudag í sömu vikunni), þar sem farið er yfir hugtakið raunfærni og unnar æfingar sem aðstoða þátttakendur við að færa alhliða reynslu sína og færni í orð í þar til gerða möppu. Afmarkandi mat: Ráðgjafar aðstoða fagaðila við að vinna með hópnum að sjálfsmati á móti viðmiðum í verkefninu. Líkt og í opna matinu er hist í tvö skipti, 2 klukkustundir í senn (t.d. mánudag og fimmtudag í sömu vikunni).	
Matssamtöl	Þörfina fyrir þátttöku ráðgjafa í matssamtölum þarf að greina í hverju tilfelli fyrir sig. Oftast er það brýnast í fyrsta viðtalinu þar sem um ókunnugt ferli er að ræða. Stuðningur ráðgjafa í fyrsta matssamtali getur aðstoðað einstaklinginn við að tengja innihald færnimöppunar við þær kröfur sem settar eru fram í viðmiðum.	
Þátttaka í vinnuhópsfundum	Vinnuhópsfundir eru haldnir eftir þörfum meðan á matsferlinu stendur til að miðla upplýsinum, ræða málefni og bera saman bækur. Ráðgjafi tekur virkan þátt í þeim.	
Trúnaður	Sá sem fer í raunfærnimat á rétt á trúnaði. Ráðgjafi gætir þess að trúnaður ríki hvað varðar meðferð gagna og upplýsinga sem fara á milli aðila í vinnuhópi (t.d. niðurstöður úr skimunarviðtölum og færnimöppur einstaklinga).	
<p>Ráðgjafar eru stuðningsaðilar og eitt af þeirra hlutverkum er að kynna fyrir þátttakendum réttindi þeirra og hvernig hægt er að koma athugasemdum á framfæri ef óánægja kemur upp. Brýnt er að það sé sami ráðgjafi sem fylgi viðkomandi í gegnum allt verkefnið. Í mörgum tilvikum er verið að fást við einstaklinga sem féllu úr skóla ungir og oft þarf ekki mikið til að það gerist aftur.</p>		

e. Eftirfylgni – Frágangur		
Raunfærnimat		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið / Dags
Endurgjöf og ráðgjöf um næstu skref	Strax að loknu mati er boðið upp á viðtal hjá ráðgjafa þar sem einstaklingurinn fær tækifæri til að tjá sig um ferlið og aðstoð við að skrá markmið sín, hvað færniuppbyggingu varðar, og skipuleggja leiðir að þeim – ef það á við.	
Tölur og upplýsingar	Skil til FA á upplýsingum í gegnum My School	
Eftirfylgni	Æskilegt er að veita viðeigandi eftirflygni til stuðnings og til að halda utan um árangur og áhrif matsins.	
Hlutverk ráðgjafa snýst um að styðja og hvetja einstaklinginn í ferlinu samhliða því að aðstoða hann við að draga fram færni sína og færa hana í orð. Eftirfylgni í átt að áframhaldandi færniuppbyggingu er lykilatriði.		